

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 252/2022

frá 23. september 2022

um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“),
einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/732 frá 26. janúar 2021 um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) nr. 667/2014 að því er varðar inntak skýrslunnar sem rannsakandinn á að senda til Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar, réttinn til að láta álit sitt í ljós að því er varðar tímabundnar ákvarðanir og framlagningu fjarsekta og févita ⁽¹⁾.
- 2) IX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða gerðar á lið 31bco (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 667/2014) í IX. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi er bætt við:

„breytt með:

- **32021 R 0732**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/732 frá 26. janúar 2021 (Stjtið. ESB L 158, 6.5.2021, bls. 8).“

2. Aðlögunartextar d) til g) eru endurtölusettir sem aðlögunartextar e) til h).

3. Eftirfarandi aðlögunartexta er bætt við á eftir aðlögunartexta c):

„d) Í a-lið 3. gr., að því er varðar EFTA-ríkin:

- i) í 1. mgr., fyrstu undirgrein 4. mgr. og 3. undirgrein 5. mgr. komi orðin „Eftirlitsstofnun EFTA“ í stað orðanna „Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin“,

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 158, 6.5.2021, bls. 8.

- ii) í 2. mgr. er orðunum „og Eftirlitsstofnunar EFTA“ bætt við á eftir orðunum „Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar“,
- iii) í 3. og 5. mgr. skal orðunum „tilkynna Eftirlitsstofnun EFTA þar um. Eftirlitsstofnun EFTA skal, án ótilhlýðilegrar tafar,“ bætt við á eftir orðunum „skal hún“,
- iv) í fyrsta málslið annarrar undirgreinar 4. mgr., fyrstu undirgrein og öðrum málslið annarrar undirgreinar 5. mgr. skulu orðin „Eftirlitsstofnun EFTA“ koma í stað orðanna „Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin“,
- v) í þriðju og fjórðu undirgreinum 4. mgr. er orðunum „eða, eftir því sem við á, Eftirlitsstofnun EFTA“ bætt við á eftir orðunum „Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin“.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framseldrar reglugerðar (ESB) 2021/732, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 24. september 2022, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi farið fram (*), eða á gildistökudegi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 50/2021 frá 5. febrúar 2021 ⁽²⁾, eftir því hvor dagsetningin er síðar.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 23. september 2022.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Kristján Andri Stefánsson

formaður

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

(2) Verður birt.